

Þegar sá, er gegnt hefur embætti forseta Íslands samkvæmt framansögðu, hefur náð 65 ára aldri eða er öryrki og hefur látið af embætti, á hann að sex mánaða tím-
anum liðnum rétt til eftirlauna.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964. Ef hann hefur gegnt embættinu í meir en eitt kjörtímabil, skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar, hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna, sem hann naut. Sömu eftirlaun skal hún fá eftir lát manns síns, enda þótt hann hafi ekki náð 65 ára aldri, er hann lézt.

Undanþága samkvæmt 2. gr. laga um laun forseta Íslands nær ekki til eftirlaunanna.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

2. maí 1969.

Nr. 27.

L Ö G

um Handritastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur Handritastofnunar Íslands er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknnum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfín séu ólaunuð.

3. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin hefur tekið við starfi handritaútgáfuneftdar háskólans.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um skipun hans í starfið fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora.

Til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, þar sem meðal annars sé ákvæði um sektarviðurlög um brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.